

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurlandssvæði fyrir árið 1990.

1. gr.

Eftirlitsgjald skv. gjaldskrá nr. 470/1985, með síðari breytingum verður sem hér segir:

<i>Eftirlitsgjöld:</i>	1. flokkur	kr. 9 000
	2. flokkur	kr. 18 000
	3. flokkur	kr. 34 000
	4. flokkur	kr. 57 600

2. gr.

Leyfisgjöld skv. sömu gjaldskrá verða:

<i>Leyfisgjöld:</i>	1. flokkur	kr. 3 500
	2. flokkur	kr. 7 000
	3. flokkur	kr. 10 500
	4. flokkur	kr. 14 000

3. gr.

Gjöld fyrir vottorð eru kr. 1 200.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Suðurlands staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að gilda á árinu 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Ólafsvíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. janúar 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Ólafsvíkur 1989–2009.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Ólafsvíkur hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins.

Aðalskipulag Ólafsvíkur 1989–2009 leysir af hólmi aðalskipulag Ólafsvíkur sem staðfest var af ráðuneytinu 25. janúar 1980.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.